

LÖG

um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum (eintakagerð til einkanota).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Höfundar verka, sem hefur verið útvarpað, hafa verið gerð aðgengileg almenningi þannig að hver og einn getur fengið aðgang að verkinu á þeim stað, á þeirri stundu og með þeim búnaði er hann sjálfur kys eða hafa verið gefin út á hljóðriti eða myndriti, eiga rétt á sanngjörnum bótum vegna eftirgerðar verkanna til einkanota. Bæturnar skulu greiðast árlega til samtaka höfundaréttarfélaganna með fjárveitingu samkvæmt fjárheimild í fjárlögum. Greiðslan skal fela í sér sanngjarnar bætur fyrir eftirgerð framangreindra verka til einkanota og miðast við eftirfarandi hlutfallstölur af tollverði á böndum, diskum, plötum eða öðrum þeim geymslum, í hvaða formi sem er, sem taka má upp á hljóð eða myndir hliðrænt eða stafrænt sem og af tækjum sem eru ætluð til slíkrar upp-
töku til einkanota sem flutt eru inn eða framleidd hér á landi á næstliðnu ári:

| Tollskrárnúmer | Skýring | Hlutfall af tollverði % |
|------------------------|---|-------------------------|
| 8523.2922–8523.2929 | óátekin segulbönd | 2 |
| 8523.2912–8523.2919 | óátekin myndbönd | 2 |
| 8523.4112 og 8523.4113 | geisladiskar | 2 |
| 8523.5111 og 8523.5119 | hálfleiðaraminni (USB-minnislyklar) | 4 |
| 8523.5211 og 8523.5219 | gjörvakort (SD-kort) | 4 |
| 8471.3001–8471.4909 | fartölvur, spjaldtölvur og tölvur | 1 |
| 8471.7000 | utanáliggjandi gagnageymslur (flakkarar, hýsingar með innbyggðum hörðum diskum) allt að 12 TB | 4 |
| 8519.8110–8519.8990 | hljóðupptökutæki | 1 |
| 8521.1029 og 8521.9023 | myndupptökutæki | 1 |
| 8527.1303 | móttökutæki fyrir útvarpssendingar með hljóðupptökubúnaði | 2 |
| 8517.1200 | símar fyrir farsímanet eða önnur þráðlaus net með möguleika á hljóð- og myndupptöku | 1 |

b. 4. mgr. orðast svo:

Bætur skv. 3. mgr. greiðast til samtaka höfundaréttarfélaga sem hlotið hafa viðurkenningu ráðherra til að fara með slík réttindi höfunda. Samtökin annast skil á bótunum til höfundaréttarfélaga, að frádregnum hæfilegum umsýslukostnaði. Um viðurkenningu samtaka höfundaréttarfélaga samkvæmt þessari grein gilda málsmeðferðarreglur 4. mgr. 26. gr. a og reglur gefnar út á grundvelli hennar. Eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti skal úrskurðarnefnd skv. 57. gr. leggja mat á grundvöll sanngjarnra bóta skv. 3. mgr. og skila tillögum sínum um breytingar til ráðherra.

c. 5. og 6. mgr. falla brott.

2. gr.

7. tölul. 2. mgr. 54. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Í stað orðsins „endurgjalds“ í 2. mgr. 61. gr. laganna kemur: sanngjarnra bóta.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Bætur skv. a-lið 1. gr. skulu greiðast í fyrsta sinn 1. mars 2017.

Gjört á Bessastöðum, 19. október 2016.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.